

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
b.t. Sigurbjargar Sæmundsdóttur
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 4. febrúar 2020
Tilvísun: 2020010380/25.1.1

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna óska um að fara með hunda um verslunarmiðstöðina Kringluna.

Vísað er til bréfs umhverfis- og auðlindaráðuneytisins dags. 27. janúar 2020 varðandi erindi Baldvini Snælaugsdóttur markaðsstjóra verslunarmiðstöðvarinnar Kringlunnar (hér eftir verslunarmiðstöðin) dags. 3. desember 2019. Þar er sótt um undanþágu sbr. ákvæði 19. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti til að leyfa smáhunda í fylgd eigenda sinna heimsóknir í verslunarmiðstöðina á fimmtudögum milli kl. 18:00 og 21:00. Í erindi verslunarmiðstöðvarinnar er vísað til fordæmis um "undanþágu Strætó" og að hér sé einungis um að ræða afmarkaðan stuttan tíma. Í nánari útlítingu sem fylgdi erindinu er talað um tilraunaverkefni og nefndar reglur og viðmið sem verslunarmiðstöðin myndi setja verkefninu. Þann 30. janúar bárust viðbótarupplýsingar frá verslunarmiðstöðinni eftir samskipti þaðan við ráðuneytið.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) gerir eftirfarandi umsögn um erindið og það skal tekið fram að ekki er fjallað um hjálparhunda í henni og þær undanþágur sem um slíka hunda gilda. Einnig er bent á að ekki er um sambærilegt verkefni að ræða og var á sínum tíma varðandi Strætó þar sem hundar voru bannaðir í almenningsfarartækjum þar til 2019. Í byrjun bendir HER á að hundar eru ekki bannaðir í verslunarmiðstöðvum sem slíkum né á veitingastöðum sbr. reglugerð nr. 905/2017 um breytingu (6.) á reglugerð um hollustuhætti. Rekstaraðilar slíkra staða geta leyft eða bannað umferð hunda um almenn svæði að eigin frumkvæði. Skilyrði hafa verið sett um, að þegar hundar eru leyfðir á veitingastöðum. s.s. að tilkynna/auglýsa á sýnilegan hátt að hundar séu leyfðir á staðnum sem og að tilkynna það til heilbrigðiseftirlits. Hins vegar setur reglugerð um hollustuhætti ákveðnar skorður um viðkvæma starfsemi er s.s. persónulega þjónustu ýmis konar. Í þeim tilvikum l er hægt að sækja um undanþágu frá reglugerð um hollustuhætti þar sem það á við. Svo er annar rekstur, þar sem umferð hunda er bönnuð s.s. í matvöruverslunum. Athygli vekur að í erindinu er talað um að hundeigandi skuli hafa náð 16 ára aldri. Í 1. gr. lið a í hundasamþykkt Reykjavíkur nr. 478/2012 er kveðið á um að hundeigendur þurfa að hafa náð 18 ára aldri til að gerast hundeigendur.

Á þessu sést að í mörgum tilvikum er viðkomandi rekstaraðilum í sjálfsvald sett hvort þeir leyfa hunda eða ekki í sínum rýmum. Jafnframt kemur fram í gögnum með erindinu að ekki verður farið í verkefnið nema að fyrir liggi samþykki eigenda og rekstaraðila hvernar einingar fyrir sig um að leyfa hunda eða ekki í verslunarrýminu, eftir að markaðsráð verslunarmiðstöðvarinnar

hefur fjallað um það. Fram kemur að verði hundar leyfðir með þeim takmörkunum sem verslunarmiðstöðin hefur kynnt verður verkefnið auglýst þannig að almenningur geri sér grein fyrir að hundar gætu verið á ákveðnum stöðum og á vissum tímum í verslunarmiðstöðinni. Þrif eru einnig skilgreind og skv. því er verslunarmiðstöðin þriffin eftir lokun daglega. Einstaka rekstaraðilar sjá síðan um þrif á sínum einingum. Í gögnunum er talað um að leyfa umferð hunda um göngugötur og verslanir almennt en með undantekningu þar sem um veitingaframleiðslu er að ræða. Þar er ekki heldur gert ráð fyrir hundum á snyrtistofum eða heilbrigðisstofnunum á staðnum enda það óheimilt skv. reglugerð um hollustuhætti nema með mögulegri undanþágu heilbrigðisnefndar. Einstaka rekstaraðilar taka svo afstöðu til hvort hundar verði leyfðir í sínu rými þrátt fyrir að allir þurfa að samþykkja verkefnið í upphafi sem og eigendur.

Í ljósi alls ofangreinds leggst HER ekki gegn umferð með hunda um verslunarmiðstöðina með eigendum sínum, en bendir á að bannað er að fara með hunda í matvöruverslanir og rými þar sem matvæli eru óvarin, tilreidd, meðhöndluð eða geymd. Allir veitingastaðir í verslunarmiðstöðinni eiga að vera með eigin þrifaáætlun og innra eftirlit skv. matvælalöggjöf og skilyrðum í starfsleyfum gefnum út af HER. Auk þess þurfa rekstraraðilar veitingastaða að tilkynna HER ætli þeir að leyfa hunda sem og auglýsa það á sýnilegan hátt áður en gengið er inn á veitingastaðinn. Breyta þarf aldurstakmarki þar sem talað er um reglur sem verslunarmiðstöðin ætlar að setja og talað er um eigendur hunda. HER minnir svo á að lög og reglugerðir um hollustuhætti og mengunarvarnir sem og matvælalöggjöf fjalla um almannaheill og almannaöryggi og þeim þáttum verður fylgt eftir af HER í þessu verkefni, verði af því, enda hagsmunir gesta verslunarmiðstöðvarinnar í fyrirrúmi. HER áskilur sér rétt til að komu að málinu á síðari stigum eftir þörfum.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Árný Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri



Beiðni um undanþágu. Kringlan verslunarmiðstöð.

Almennt: t-póstur

Málsnúmer: UMH20010011

Málalyklar: 40-3 Heilbrigðiseftirlit - undanþágur frá reglugerð

Eigandi skjals: Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Staða: Lokið

Dagsetningar:

Búið til: 04.12.2019

Dagsetning skjals: 03.12.2019

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: "Baldvina Snælaugsdóttir"

<baldvina@kringlan.is>

Notandi: "Baldvina Snælaugsdóttir" <baldvina@kringlan.is>

Dagsetning: 3.12.2019 22:49:19

Til: "Umhverfis- og auðlindaráðuneytið" </o=Exchange Government/ou=Exchange Administrative Group (FYDIBOHF23SPDLT)/cn=Recipients/cn=aa1db9e6a678418a94b2fe92c36997b5-pumh>

Efni: [Mogulegur Ruslpóstur]beiðni um undanþágu.

Góðan dag.

Undirrituð er markaðsstjóri Kringlunnar.

Óskað er eftir undanþágu til leyfis smáhunda með eigendum sínum, í heimsókn í verslunarmiðstöðina, á fimmtudögum milli kl18-21.

Vísað er til fordæmis undanþágu Strætó en í tilfalli Kringlunnar er um að ræða afmarkaðan stuttan tíma í viku hverri.

Meðfylgjandi er nánari útlistun á beiðni og reglum sem settar yrðu.

Óskað er eftir leyfi til að hefja tilraunaverkefnið 1.febrúar 2020.

Með kveðju,

Baldvina sími 8203303

Baldvina Snælaugsdóttir

Markaðsstjóri / marketing manager

baldvina@kringlan.is

Sími: 517 9014 □ **Kringlan 4-12** □ **103 Reykjavík**

[IMAGE]

[Facebook icon](#) [Instagram icon](#)



- image001.jpg



- image002.jpg



- image003.png



- Smáhundakvöld á fimmtudögum.docx

Frá: Lára Kristín Traustadóttir <lara.k.traustadottir@uar.is>

Sent: mánudagur, 27. janúar 2020 14:05

Til: Heilbrigðiseftirlit <heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is>

Afrit: Árný Sigurðardóttir <arny.sigurdardottir@reykjavik.is>

Efni: Óskað eftir umsögn heilbrigðisnefndar Reykjavíkur - Kringlan verslunarmiðstöð.
Undanþágubeiðni. Leyfi fyrir smáhunda með eigendum.

Tilvísun í mál: UMH20010011

Meðfylgjandi er beiðni um umsögn vegna undanþágubeiðni Kringlunnar.

Vakin er athygli á að beiðnin er eingöngu send rafrænt.

Bestu kveðjur,

[IMAGE]

Lára Kristín Traustadóttir, ritari / Secretary

Skrifstofa umhverfis og skipulags / Department of Environment and Spatial Planning

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið / Ministry for the Environment and Natural Resources

Skuggasund 1, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8600

Beinn sími / Direct tel: (+354) 545 8699

www.umhverfisaraduneyti.is - Fyrirvari/Disclaimer

Smáhundakvöld á fimmtudögum í Kringlunni

Reglur og viðmið

Reglur þessar og viðmið gilda í Kringlunni verslunarmiðstöð vegna tilraunaverkefnis um leyfis smáhunda með eigendum sínum á skilgreindum tíma á ákveðnum degi vikunnar.

Tímabil og gildissvæði

Smáhundar eru velkomnir með eigendum sínum á fimmtudögum milli kl. 18 – 21. Tilgreind leyfileg svæði eru : göngugata og verslanir Kringlunnar sem og veitingastaðir enda tryggt að hvorki hundar né gestir komi í snertingu við veitingaframleiðslu. Undantekningar eru á mestu annatímabilum ss jólatímabil í desember og sérstökum tilboðskvöldum sem kalla á óvenju mikinn fjölda gesta í húsinu

Ekki er leyfilegt að vera með smáhunda á snyrtistofum, sjúkráþjálfun eða á læknastofum í Kringlunni enda er meirihluti þeirra þjónustuaðila með lokað á tímum sem leyfið gildir fyrir.

Hvaða hundar mega koma í Kringluna?

Smáhundar eru skv skilgreiningu Kringlunnar þeir hundar sem hægt er að halda á auðveldlega og/eða bera um í sérstökum töskum.

Hundaeigandi sem ber ábyrgð á gæludýri má einungis bera ábyrgð á einum hundi í einu.

Sérþjálfaðir og sérmerktir blindrahundar eru undanskildir þessum reglum.

Heimilt er að vera með hund í hálsól eða stuttum taumi sem er þannig gerðar að dýrið geti ekki smokrað sér úr því og tryggt að hundur sé ávalt undir stjórn ábyrgðaraðila hans. Hundar mega ekki vera í útdraganlegum taumi. Einnig má vera með hundinn í þar til gerðum töskum eða litlum búrum sem auðvelt er að

bera. Eigandi ber ábyrgð á hreinlæti í tengslum við hundinn og hreinsar upp eftir hann sé þörf á.

Aldur ábyrgðaraðila

Hundaeigandi skal hafa náð 16 ára aldri og ber hann ábyrgð á dýrinu sem hann ferðast með.

Góð ráð fyrir hundaeigendur

Það er mikilvægt að hundaeigendur sem vilja bjóða hundi sínum með í Kringluferð, undirbúi hundana sína vel og meti hvort hundurinn sé tilbúinn. Hundasamfélagið hefur því í samráði við nokkra hundapjálfa sett saman punkta fyrir hundaeigendur:

- Kynnir sér vel merkjamál og þekkja hundinn sinn – algengustu stressmerki eru:
 - Hundurinn vælir eða andar hratt, oft með tunguna úti
 - Heldur höfðinu nálægt jörðinni eða ber skottið milli lappana
 - Verður stífur í líkamanum
 - Sést í hvítuna í augunum og eyrun liggja aftur, eins og verið sé að toga í húðina í hnakkanum
 - Geltir eða urrar – farðu út úr byggingunni ef hundurinn fer að urra og talaðu við hundapjálfa
- Umhverfisþjálfarar vel fyrir fram – Hundurinn þarf að geta labbað innan um:
 - Fólk án þess að heilsa
 - hávaða
 - Nálægt öðrum hundum og dýrum í rólegheitum
- Kunni að róa hundinn sinn – til dæmis:
 - Hafa hundinum milli lappana og frá öðrum gestum
 - Vera með gott nammi og gefa hundinum rólega
 - Halda um axlir og nudda mjúklega og rólega
- Ekki leyfa hundinum að flaðra upp um aðra gesti í Kringlunni



Viðbótarupplýsingar - Undanþágubeiðni Kringlunnar - Leyfi fyrir smáhunda með eigendum.

Bréf: Bréf

Upplýsingar um viðskiptavin:
Netfang: "Lára Kristín Traustadóttir"
<lara.k.traustadottir@uar.is>

Eigandi skjals: Árný Sigurðardóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 30.01.2020

Dagsetning skjals: 30.01.2020

Notandi: "Lára Kristín Traustadóttir" <lara.k.traustadottir@uar.is>

Dagsetning: 30.1.2020 11:40:08

Til: "Environment Agency of Iceland" <ust@ust.is>, "Heilbrigðiseftirlit" <heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is>

Efni: Viðbótarupplýsingar - Undanþágubeiðni Kringlunnar - Leyfi fyrir smáhunda með eigendum.

Tilvísun í mál: UMH20010011

Hér að neðan eru viðbótarupplýsingar frá Baldvini, markaðsstjóra Kringlunnar, vegna umsóknar um undanþágu fyrir smáhundakvöld.

Bestu kveðjur,

[IMAGE]

Lára Kristín Traustadóttir, ritari / Secretary

Skrifstofa umhverfis og skipulags / Department of Environment and Spatial Planning
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið / Ministry for the Environment and Natural Resources
Skuggasund 1, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8600
Beinn sími / Direct tel: (+354) 545 8699
www.umhverfisraduneyti.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

[IMAGE][IMAGE][IMAGE] Notandi: "Baldvina Snælaugsdóttir" <baldvina@kringlan.is>

Dagsetning: 28.1.2020 16:26:42

Til: "Umhverfis- og auðlindaráðuneytið" </o=Exchange Government/ou=Exchange Administrative Group (FYDIBOHF23SPDLT)/cn=Recipients/cn=aa1db9e6a678418a94b2fe92c36997b5-pumh>

Efni: [Mogulegur Ruslpóstur]Vegna umsóknar frá Kringlunni - undanþága fyrir smáhunda.

Sæl Sveinbjörg

Skv símtali sendi ég þér viðbótarupplýsingar við umsókn um undanþágu fyrir smáhundakvöld í Kringlunni 3 tíma í viku. Í viðhengi er umsókn áður send.

Varðandi þrif og kynningu á verkefninu.

Þrif:

Í dag er metnaðarfull þrifadeild að störfum í Kringlunni, sjá um að hér sé alltaf hreint og fínt í göngugötu, ruslatunnur tæmdar og þurrkað upp ef eitthvað hellist niður hjá gestum.

Eftir lokun er þrifið með skúringavélum um allt hús.

Sérstök vakt er á veitingasvæði, Stjörnutorgi og á Kringlutorgi. Inni í rýmum verslana og veitingastaða eru þrif á ábyrgð rekstraraðila.

Komi til að hundaheimsóknir verði leyfðar, verður ábyrgð á hreinlæti hunda hjá eigendum þ.e. að þrifa upp eftir þá ef „slys“ verða. Hundaeigendur eru flestir með poka á sér til slíks en við munum hafa þá til reiðu fyrir gesti í þjónustuverinu okkar.

Pissi hundar á gólf verður kallað í þrifadeild okkar líkt og ef annar vökvi hellist niður.

Framkvæmd/innleiðing:

Ljóst er að Kringlan getur ekki farið út í svona verkefni nema fyrir liggi samþykki hjá eigendum og rekstraraðilum hverrar einingar.

Stjórn Kringlunnar er búin að taka þetta erindi fyrir og er samþykki fyrir að halda áfram með málið.

Fyrsta kynning á verkefninu fer fram fyrir markaðsráði (þaðan kom hugmyndin fyrst fram) Þar sitja 14 aðilar frá helstu rekstrareiningum í Kringlunni. Samþykki markaðsráð tillöguna verður hún borin undir atkvæðagreiðslu allra rekstraraðila í húsinu. Fáir verkefnið hljómgrunn verður það að veruleika. Það má vera að einstaka aðilar samþykki ekki hunda inn til sín og verður það frjálst. Eigendur merkja þá í glugga hjá sér, vinsamlegast komið ekki með hunda inn í verslunina.

Kringlan mun útvega vatnsskálar og setja upp við valda staði í göngugötu Kringlunnar.

Eftir samþykktarferli meðal eigenda fer markaðssetning út á við í gang. Þar verður send út fréttatilkynning, verkefnið um leið kynnt á samfélagsmiðlum Kringlunnar sem og heimasíðu. Viðskiptavinir á póstlista (10.000 aðilar) fá einnig tilkynningu frá okkur.

Daga sem um ræðir verða sérstakar merkingar settar upp í anddyri hússins sem býður smáhunda velkomna og tíminn tilgreindur. Það er ekki síður gert fyrir þá sem vilja forðast húsið á meðan hundar gætu verið á ferð með eigendum.

Vona að þetta skýri þau atriði sem upp á vantaði frá okkur í Kringlunni. Vonumst við eftir jákvæðum viðbrögðum við tilraun okkar.

Vinsamlegast staðfestu móttöku.

Bestu kveðjur

Baldvina

Baldvina Snælaugsdóttir

Markaðsstjóri / marketing manager

baldvina@kringlan.is

Sími: 517 9014 □ Kringlan 4-12 □ 103 Reykjavík

(See attached file: Smáhundakvöld á fimmtudögum.docx)



- 12491830.jpg



- 12731479.jpg



- 12085973.jpg



- 12445135.jpg



- Smáhundakvöld á fimmtudögum.docx